



KÓPAVOGSBÆR  
Bæjarritari

Alþingi  
Erindi nr. P 127/34  
komudagur 7.11.2001

Kópavogi, 6. nóvember 2001

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd

Á fundi Bæjarráðs Kópavogs 1. nóvember sl. var lögð fram meðfylgjaldi umsögn bæjarritara um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, tryggingargjald og fleiri lögum.

Eftirfarandi var bókað: Bæjarráð samþykkir umsögnina.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Ólafur Briem  
bæjarritari



24. október 2001.

Til bæjarráðs

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, tryggingargjald og fleiri efnahagslegar aðgerðir.**

Á fundi bæjarráðs 18. október var vísað til umsagnar bæjarritara erindi frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis dags. 16. október um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um Þjóðarbókhöðdu og endurbætur menningarbygginga, um tryggingargjald, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um ársreikninga og um bókhald.

Um er að ræða viðamiklar breytingar sem í stórum dráttum má skipta í fjóra meginþætti:

1. Breytingar á skatthlutföllum og viðmiðunarstærðum skattkerfisins, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum sem munu leiða til lækkunar tekju- og eignaskatts einstaklinga og fyrirtækja. Á móti er gert ráð fyrir hækkun tryggingagjalds.
2. Afnáam verðbólguleiðréttinga í skattskilum
3. Skattaleg meðferð einstaklinga í atvinnurekstri við yfirfærslu rekstrar í einkahlutafélag lúti sömu reglum og yfirfærslur milli annarra félagaforma.
4. Breytingar er snúa að túlkun og framkvæmd laganna.

Ef frumvarpið verður að lögum munu útgjöld Kópavogsbæjar hækka sem nemur hækkun tryggingargjalds (0,77 prósentustig) frá og með 1. janúar 2003. Má ætla að sú hækkun sé 16,5 m. kr. á árs grundvelli miðað við greitt tryggingargjald á síðasta ári (112,4 m. kr.). Í öðru lagi munu lagabreytingar þessar leiða til fjölgunar einkahlutafélaga og leiða af sér tilflutning launatekna í hagnað og arðgreiðslur fyrirtækja. Sú þróun mun hafa neikvæð áhrif á útsvarsstofn sveitarfélaga en erfitt er að verðleggja þau. Í þriðja lagi mun verðbreytingarfærsla leggjast af og því mun á rekstrarreikningi bæjarins birtast fjármagnskostnaður samansettur af álögðum vöxtum ásamt verðbótum og gengismun en án reiknaðra áhrifa verðbreytinga og útreiknings raunvaxta.

*Ólafur Briem*  
Ólafur Briem